

Kennari	María Albína Tryggvadóttir (maria@vma.is)	Sk.st.	MAL
----------------	---	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í áfanganum er heilbrigðishugtakið skilgreint. Lögð er áhersla á hlutverk og sögulega þróun heilbrigðisfræði og áhrif hennar á nútíma heilbrigðismál. Fjallað er um helstu heilbrigðisvandamál í nútíma samfélagi og forvarnir gegn þeim. Fjallað er um skipulag heilbrigðisþjónustunnar og helstu stofnanir, sem móta stefnu í forvörnum, heilsueflingu og heilbrigðisfræðslu. Einnig er fjallað um smitsjúkdómavarnir, kynsjúkdómavarnir, tóbaksvarnir, áfengis- og vímuefnavarnir, geðvernd, beinvernd og mæðra- og ungbarnavernd. Fjallað er um umhverfisheilbrigðisfræði og tengsl mengunar og sjúkdóma skoðuð ásamt helstu mengunarvörnum. Áhersla er lögð á forvarnarstarf gegn sjúkdómum og slysum, áhættuþætti sem þeim tengjast og hvernig einstaklingar geta haft áhrif á eigið heilbrigði.

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- heilbrigðishugtakinu
- sögulegri þróun heilbrigðisfræði og áhrifum á heilbrigðismál
- helstu heilbrigðisvandamálum í nútíma samfélagi og forvörnum gegn þeim
- uppbyggingu og skipulagi heilbrigðisþjónustunnar á Íslandi
- aðferðum og aðgerðum sem stuðla að heilsueflingu og forvörnum sjúkdóma
- ábyrgð einstaklingsins á eigin heilsu
- helstu umhverfispáttum sem ógnað geta heilbrigði

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lýsa uppbyggingu og skipulagi heilbrigðisþjónustunnar á Íslandi
- afla á fjölbreyttan hátt þekkingar um aðgerðir og aðferðir sem stuðla að slysavörnum, heilsueflingu og forvörnum sjúkdóma
- sýna í verki að hann tekur ábyrgð á eigin heilsu
- gera grein fyrir umhverfispáttum sem geta ógnað heilbrigði manna

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- útskýra heilbrigðishugtakið út frá mismunandi menningarheimum
- greina samspil lífsstíls og heilsu
- greina eigin lífsstíl og áhættuþætti tengda honum
- álykta um áhrif heilbrigðisfræðinnar á þróun heilbrigðismála í nútímanum
- miðla á skapandi hátt upplýsingum um helstu heilbrigðisvandamál og forvarnir þeirra.

Námsgögn: Líf og heilsa. Höf.: Else Kari Bjerva, Reidum Haugen og Sigrid Stordal. Þýdd af Elísabetu Gunnarsdóttur. 1. útgáfa 2003. E.t.v. greinar settar á kennsluvef.

Heilbrigðisfræði HBFR1HH05
Fjarnám
Námsáætlun vorönn, 2022



Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

Tímabil	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi
Fyri lota	Kynning og námsáætlun. Bókin: Líf og heilsa. Kaflar 1-8	Verkefni úr köflum 1 til 8.	10%
		Heilsufarsmat og markmið: greina eigin lífsstíl, metur áhættuþætti tengda honum og setur markmið.	5%
		Kynning/Fræðsla: miðla á skapandi hátt upplýsingum um heilbrigðisvandamál og forvarnir gegn því.	10%
		Annarpróf 1	20%
Seinni lota	Bókin: Líf og heilsa. Kaflar 13, 17 og 19-23	Verkefni úr köflum 13, 17 og 19-23.	10%
		Myndband	20%
		Skýrsla: heilsufarsmarkmið metin með rökum.	5%
		Annarpróf 2	20%

Námsmat og vægi námsmatsþátta:

Matsform:		<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta			Vægi
Skrifleg verkefni	Skrifleg vikuleg verkefni á kennsluvef úr kennslubókinni			20 %
Kynning/Fræðsla	Fræðsla eða kynning á efni sem tengist markmiðum áfangans			10 %
Heilsufarsmat og markmiðssetning	Nemandi metur andlega, félagslega og líkamlega heilsu hjá sér og setur sér heilsufarsmarkmið			5 %
Skýrsla	Mat á markmiðum			5 %
Myndbönd	Miðla á skapandi hátt upplýsingum um heilbrigðisvandamál og/eða forvörnum við þeim.			20 %
Tvö annarpróf	Eitt próf (20%) eftir fyrri lotu og annað próf (20%) eftir seinni lotuna.			40 %
Samtals:				100%

Annað: Til að ljúka áfanganum þarf að ná 40% árangri út úr hvoru annarprófi fyrir sig.
Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.

Kennari áskilur sér rétt til breytinga á námsáætlun.

Dagsetning:

Mania T.
Undirritun kennara

Inga B. Ólafsd
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils